

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ 2016-2017

---

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS:  
LISTAVERK SEM SAMEIGINLEG ÍGRUNDUN UM  
TILFINNINGAR OG SIÐFERÐILEG GILDI

Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóla

Tengiliður vegna verkefnis:

Ingimar Ólafsson Waage, kennari í myndlist og heimspeki, [ingimar@gardaskoli.is](mailto:ingimar@gardaskoli.is)

**Markmið verkefnisins** var að efla myndlistarkennslu ásamt eflingu gagnrýnnar hugsunar um siðferðileg álitamál. Þetta fól í þróun kennsluefnis og leiða í kennslu til eflingar á tilfinningaþroska. Verkefnið er hluti af doktorsrannsóknna Ingimars Ólafssonar Waage á siðferðilegu gildi myndlistarkennslu.

**Ábyrgðarskóli verkefnis:** Garðaskóli

**Verkefnisstjóri:** Ingimar Waage

**Þátttakendur:** Myndmenntakennarar í Garðaskóla: Ingimar Ólafsson Waage, Auður Edda Geirsdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

**Afrakstur:** Kennsluefni og samræðuáætlanir. Um er að ræða kennsluefni þar sem valin listaverk fela í sér áskoranir um ígrundum um siðferðileg álitamál ásamt vinnublöðum sem nemendur vinna í. Einnig er um að ræða kennsluefni sem miðar að sköpun nemenda á grundvelli ígrundunar þeirra sjálfra um siðferðileg hugtök og tilfinningar sem tengjast persónulegri reynslu þeirra.

**Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:** Úthlutuð styrkupp hæð var aðeins helmingur af þeirri fjárhæð sem sótt var um. Af þeim sökum reyndist ekki unnt að fullvinna matstækin sem áætlað var að þróa skv. áætluninni.

**Mat á verkefninu:** Mikilvægt er að árétta að áætlað er að verkefnið taki tvö ár í vinnslu og aðeins var sótt um styrk til fyrra ársins að þessu sinni. Því mun afraksturinn ekki liggja að fullu fyrir fyrr en að loknu síðara árinu. Öll framvinda í verkefninu var skv. áætlun og var rannsóknaráætlun skilað inn til doktorsnefndar í HÍ. Verkefnið hefur sett mark sitt á kennsluáætlun í myndmennt í 8. bekk í Garðaskóla og allir myndmenntakennarar í skólanum eru virkir þátttakendur í þeim vinnubrögðum sem innleidd eru með verkefninu.

**Ráðstöfun styrks:** Styrkupp hæð (kr. 327.375,-) nam aðeins helmingi af upphaflegri áætlun (kr. 654.750,-). Hann verður greiddur hlutfallslega í samræmi við umsókn. Sérfræðingar og ráðgjafar verkefnisins, Dr. Ólafur Páll Jónsson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Dr. Atli Vilhelm Harðarson lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, fá hvor kr. 54.000,- (samtals 108.000,-). Ingimar Ólafsson Waage fær kr. 219.000,-. Hluta af styrknum hefur verið varið til kaupa á bókum.

**Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:** Eins og fram kom í umsókn mun endanlegur afrakstur ekki liggja að fullu fyrir en eftir framkvæmd sjálfrar doktorsrannsóknarinnar en samkvæmt rannsóknaráætlun mun það verða veturinn 2018-2019. Ávinningur fyrir skólastarf felst í aukinni meðvitund um mikilvægi þess að siðferðileg álitamál séu til umfjöllunar í skólastarfi en þetta er í samræmi við áherslur í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Verkefnið fól einnig í sér tengingar milli skapandi og gagnrýnnar hugsunar nemenda ásamt því að styrkja tengsl verkvits, hugvits og siðvits.

Verkefnið var kynnt á ráðstefnu Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um heimspeki Kristjáns Kristjánssonar. Erindið bar heitið „Myndlist og mannkostamenntun“. Á það má hlýða hér:

[http://sidfraedi.hi.is/upptokur\\_fra\\_radstefnunni\\_gedshraeringar\\_skapgerd\\_sjalf\\_og\\_frelsi](http://sidfraedi.hi.is/upptokur_fra_radstefnunni_gedshraeringar_skapgerd_sjalf_og_frelsi). Einnig var skrifuð stutt grein á vef The Jubilee Centre of Character and Virtues við Háskólann í Birmingham í Englandi. Þar var sagt frá tilraunum í kennslustofu og upplifunum nemenda. Greinina má lesa hér:

<https://virtueinsight.wordpress.com/2017/04/04/encouraging-pupils-virtue-literacy-through-the-visual-arts/>.

Einnig var sagt frá verkefninu á almennum kennarafundi í Garðaskóla 9. júní 2017.

22. júní 2017, Ingimar Waage